

Plöntur fyrir skjólbelti framtíðar

Plöntuval og samsetning

Samson Bjarnar Harðarson
Landbúnaðarháskóla Íslands

Bakgrunnur

Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á tegundavali í skjólbeltarækt, nema helst með víði. Lítilsháttar hefur verið reynt af nokkrum tegundum í landshlutabundnu verkefnum, sérstaklega eftir árið 2000, en árangur hefur ekki verið metinn. Á vegum verkefnisins Yndisgróður hefur verið unnið að rannsóknum á sviði garð- og landslagsplantna síðan 2007.

Í verkefninu *Plöntur fyrir skjólbelti framtíðar - plöntuval og samsetning í belt* er byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur úr þessum verkefnum við þróun á nýrri gerð skjólbelta hérlendis.


Markmið

Markmið verkefnisins er að finna **bestu hentugu skjólbeltaplöntur** sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður, þróa **heppilegustu samsetningu tegunda í uppbyggingu skjólbelta** þannig að þær myndi sem mest vistvæna og sjálfbæra heild, gera **fyrirmyndarskjólbelti** og **miðla upplýsingum** um tegundir og fyrirkomulag.

Plöntuval skjólbeltis á Hvanneyri

Byggt á rannsóknum Yndisgróðurs var gerður listi yfir tegundir og yrki sem eru metnar sem hentugar í skjólbelti. Þær kröfur sem gerðar eru til hentugra tegunda í ræktun skjólbelta á Íslandi eru meðal annars; langlífi tegundar og úthald/ending, heilbrigði, formgerð t.d. hvort tegund sé þéttur runni og geti vaxið undir trjám og svo samvist með öðrum tegundum og hversu vel þær henta við uppbyggingu á skjólbeltum.

Tegund	Yrki	Hlutverk	Fjöldi plantna	
<i>Alnus incana</i>	Blæelri	Tumastaðir fk	Tré	6
<i>Alnus sinuata</i>	Sitkaelri	Reykir fk	Fósturrunni	4
<i>Lonicera deflexicalyx</i>	Gultoppur	'Kristmann'	Runni	1
<i>Lonicera involucrata</i>	Glótoppur	'Kera'	Runni	3
<i>Lonicera involucrata</i>	Glótoppur	'Satu'	Runni	7
<i>Physocarpus opulifolius</i>	Garðakvistill	'Kjarri'	Runni	10
<i>Populus thrichocarpa</i>	Alaskaösp	'Pinni'	Tré	2
<i>Ribes alpinum</i>	Fjallarífs	'Díma'	Runni	7
<i>Ribes laxiflorum</i>	Hélurífs	'PÓN'	Runni	2
<i>Ribes nigrum</i>	Sólber	'Melalathi'	Runni	4
<i>Rosa pendulina</i>	Fjallarós	Kjarr	Runni	5
<i>Salix caprea</i>	Selja	Saltdal fk	Tré	2
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	'Koti'	Fósturrunni	10
<i>Salix x phyllicifolia</i>	Viðir	'Grásteinn'	Fósturrunni	7
<i>Sorbus aucuparia</i>	Reynir	Lbhí	Runni	4
<i>Sorbus decora</i>	Skrautreynir	Mörk	Tré	2
<i>Sorbus mougeotii</i>	Alpareynir	Kjarr	Tré	3
<i>Viburnum edule</i>	Bersarunni	Cordova fk	Runni	7
		alls		86



Skipulag skjólbeltis á Hvanneyri

Teikningarnar að neðan sýna skipulag skjólbeltis gróðursett á Hvanneyri vorið 2014 og mögulega þróun þess næstu tuttugu árin.

